

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sólveigu Guðmundsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Harald Briem sóttvarnalækni og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Tryggingastofnun ríkisins, Læknafélagi Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Með frumvarpinu er lagt til að sóttvarnalækni verði heimilt að halda sérstaka skrá um sýklalyfjanoftkun hér á landi. Markmiðið með henni er að koma á vöktun á nýgengi og algengi ónæmra sýkla og nýta hana til að kanna hvort tengsl eru milli notkunar á sýklalyfjum og myndunar ónæmis. Lagt er til að tilhögun skráningar verði útfærð nánar í reglugerð.

Við umfjöllun málsins kom fram að gert er ráð fyrir að upplýsingar í skrá sóttvarnalæknis um sýklalyfjanoftkun eigi að byggjast á upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis. Skýrt er kveðið á um í 27. gr. lyfjalaga hverjir geta fengið upplýsingar úr lyfjagagnagrunni og er sóttvarnalæknir ekki meðal þeirra. Nefndin lítur svo á að kveða verði á um slíka heimild í lögum og leggur til breytingu á frumvarpinu þar sem sóttvarnalækni verði veitt sérstök heimild til að fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunninum þótt skrá hans um sýklalyfjanoftkun muni ekki byggjast á persónugreinanlegum upplýsingum. Upplýsingarnar sem sóttvarnalæknir fær afhentar mega ekki vera persónugreinanlegar.

Þá er gert ráð fyrir að sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sendi sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er í rekstri þeirra. Fram kom í máli sóttvarnalæknis að þær upplýsingar sem hann þyrfti væri magn sem afgreitt væri úr apóteki skipt eftir deildum. Leggur nefndin til að kveðið verði á um þessa skyldu heilbrigðisstofnana í lögunum og leggur til breytingu á 3. og 9. gr. laganna þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Jón Gunnarsson.	Brynja Magnúsdóttir.